

# **Samþykkt um hesthús og umgengni í hesthúsahverfinu í Borgarbyggð**

## **Gildir um hesthúahverfið við Selás og Vindás, reiðvelli, reiðhöll og reiðleiðir í næsta nágrenni.**

### 1.gr. Byggingar og önnur mannvirki

Hesthús og þær byggingar sem þeim tilheyra skulu byggð og viðhaldið samkvæmt ákvæðum skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og samkvæmt ákvæðum skipulagsreglugerðar nr. 400/1998 og byggingarreglugerðar nr. 441/1998 með síðari breytingum. Vanda skal til frágangs húsanna, geymslu á heybirgðum og öðru því er lýtur að hirðingu hestanna.

### 2.gr. Umhverfi, lóðir og gerði.

Umhverfi hesthúsa skal halda þrífalegu og frágangur lóðar vera snyrtilegur. Gerði skulu malarborin og þau girt vönduðum girðingum. Á hesthúsalóðum er óheimilt að geyma bifreiðar, dráttavélar, hevvinnslutæki, og aðra lausamuni. Hestakerrur og önnur farartæki, skráð og notkunarhæf, skulu geymd á þar til gerðum og merktum stæðum. Bannað er að skilja hvers konar rusl eftir utanhúss, sem og sagpoka, heyrúllur, plast, byggingarefni og verkfæri.

### 3.gr. Bílastæði og umferð bíla.

Bílum skal lagt á þar til gerðum stæðum, utan þeirra brauta þar sem farið er um á hestum. Bannað er að leggja í götunum í gegnum hesthúsahverfin, nema á tilgreindum bílastæðum. Leitast skal við að ökutæki og umferð þeirra valdi ekki, umferð á eða með hesta, hættu. Umferð ökutækja skal ávallt haga í samræmi við aðstæður.

### 4.gr. Kerrur og hey

Kerrum og heyrúllum eða heyböggum skal komið fyrir á þar til gerðum stæðum og þannig frá þeim gengið að ekki stafi af þeim hætta. Eigendur skulu fylgjast reglulega með að allur frágangur sé í lagi, ekki skapist hætta á foki og plast sé ekki laust (blaktandi) á rúllum eða böggum.

### 5.gr. Lausaganga

Lausaganga hesta er bönnuð í hesthúsahverfinu. Eigendur hesthúsa bera alla ábyrgð á leigjendum sínum hvað varðar alla umgengni í hesthúsahverfinu og við hesthús.

Hundar skulu ekki vera lausir á svæðinu sbr. samþykkt um hunda- og kattahald í Borgarbyggð.

### 6. gr. Taðþær, gámar

Tað og moð skal geymt í vökvaheldum taðþróum eða gámum innan viðkomandi lóðar. Þrær eða gámar skulu vera þannig gerð og hirt að ekki stafi af þeim óþríf, mengun eða slyshætta. Í taðþrær má einungis setja hrossatað og moð sem hreinsað er úr hesthúsunum og umhverfis þau.

#### 7.gr Tæming taðþróa

Taðþrær skulu tæmdar áður en þær yfirfyllast og bera hesthúsaeigendur ábyrgð á því. Leitast skal við að nýta taðið til jarðræktar eða annarra sambærilegra nota, en að öðrum kosti að flytja það á þar til ætlaðan móttökustað á vegum sveitarfélagsins.

#### 8. gr Frárennsli

Frárennsli frá salernum og hesthúsum skal tengja fráveitukerfi sveitarfélagsins sbr. samþykkt nr. 296/2007 um fráveitur og rotþrær í Borgarbyggð.

#### 9.gr. Sorphirða

Hesthúsaeigendur skulu koma öllu sorpi og rúlluplasti á gámastöð eða í viðeigandi gáma á svæðinu. Urðun úrgangsefna í hesthúsahverfinu og öll brennsla er bönnuð. Hættulegum úrgangi skal halda aðskildum frá öðrum úrgangi og skila inn til móttökustöðvar fyrir spilliefni.

#### 10.gr. Eftirlit

Eftirlit með framkvæmd samþykktar þessarar hefur Heilbrigðiseftirlit Vesturlands og skipulags- og byggingarfulltrúinn í Borgarbyggð hvor á sínu sviði.

#### 11.gr. Brot og viðurlög

Um brot á samþykkt þessari fer samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerðum settum samkvæmt þeim, ákvæðm skipulags- og byggingalaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og samkvæmt ákvæðum skipulagsreglugerðar nr. 400/1998 og byggingarreglugerðar nr. 441/1998 með síðari breytingum.

#### 12. gr

Eigendum hesthúsa er veittur frestur til ársloka 2011 til að uppfylla ákvæði 6. greinar.

Samþykkt á fundi sveitararstjórnar ..... 2010.